

Leigusamningur

Sveitarfélagið Rangárþing ytra kt:520602-3050 Suðurlandsvegi 1, 850 Hellu, hér eftir nefndur leigusali og GYM heilsa (áður Nautilus) Ísland ehf kt:630997-2329, Suðurlandsbraut 48, 105 Reykjavík, hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér eftirfarandi leigusamning.

- 1).Leigutaki tekur á leigu húsnæði í íþróttamiðstöð sveitarfélagsins Hellu til reksturs heilsuræktar. Hið leigða rými er samtals c.a. 85 fermetrar. Innifalið í leigunni er kostnaður vegna þrifa, rafmagns og hita. Leigusali sér um dagleg þrif húsnæðisins.
- 2).Leiguhúsnæðið er fullfrágengið og leigutaki hefur kynnt sér ástand þess. Leigusali skuldbindur sig til þess að viðhalda húsnæðinu í góðu standi. Einnig sér leigusali um að loftræsting og lýsing séu við hæfi rekstrarins.
- 3).Leigutaki skal koma upp og reka heilsuræktarstöð með Nautilus tækjum eða sambærilegum tækjum í húsnæðinu. Leigutaki greiðir allan kostnað við uppsetningu, viðhald, viðgerðir og varahluti tækjanna. Allur búnaður sem leigutaki setur upp er eign hans. Leigutaki hefur rétt til þess að skipta út og setja inní stöðina aðra tegund æfingataekja frá Nautilus eða sambærilegum framleiðanda sem þjóna sama og/eða hliðstæðum tilgangi.
- 4).Viðvera þjálfara frá GYM heilsu í salnum er frjál. GYM heilsa skuldbindur sig til að kenna starfsfólki sundlaugarinnar Nautilus æfingakerfið. Starfandi starfsmenn sundlaugarinnar æfa frítt í stöðinni utan vinnutíma.
- 5).Samningstímabilið er frá og með 1 júní 2015 til og með 1 júní 2018. Að liðnum þeim tíma gildir sú regla að sé samningnum ekki sagt upp með 6 mánaða fyrirvara framlengist hann um 1 ár í senn.
- 6).Leigufjárhæð skal vera tengd veltu heilsuræktarinnar og skal hún reiknast á eftirfarandi hátt. Skipting aðgangseyris skal vera þannig að í hlut leigutaka kemur 60% hlutur og í hlut leigusala kemur 40% hlutur. Leigutaka er skylt að kaupa aðgang að sundlauginni fyrir hvern félagsmann heilsuræktarinnar. Frá 1. Júní 2015 skal gjaldið fyrir árskort vera kr 8000 og fyrir hálfárskort kr 4000. Hækki sundgjaldið, á samningstímanum, sem GYM heilsa greiðir, hækkar hlutur GYM heilsu í þjálfunarkostnaði einnig hlutfallslega. Þjálfunarkostnaður GYM heilsu skal vera frá og með 1. Júní 2015 kr 5000 fyrir árskort og kr 2500 fyrir hálfárskort. Þjálfunarkostnaður líkt og sundgjald dregst frá áður en til %skiptingar kemur.

Dæmi varðandi uppgjör á kortum.

Árskort kostar 31.990kr

Sveitarfélagið fær kr 8000 vegna sundgjalds

GYM heilsa fær 5000kr vegna þjálfunarkostnaðar

Það sem eftir stendur verður því

Sveitarfélagið fær 40% vegna leigu og GYM heilsa 60% vegna reksturs.



Handwritten signature and initials, possibly 'KMH'.

7).Leigusali skal annast sölu á aðgangskortum í stöðina og er sú þjónusta innifalin í leigugreiðslum. Greiðslum varðandi uppgjör skal skila til GYM heilsu mánaðarlega og eigi síðar en tíunda virka dag næsta mánaðar á eftir. Skipting aðgangseyris, sjá lið nr. 6.

8).Leigusali kostar hugsanlegar endurbætur og viðgerðir á húsnæðinu.

9).Leigusali á ekki rétt á neinum fjárhagslegum bótum vegna bilana/viðgerða á tækjum í salnum.

10).Leigutaki á ekki rétt á neinum fjárhagslegum bótum verði sundlaugin lokuð einhverra hluta vegna.

11).Leigusali útvegar öll tilskilin opinber leyfi sem nauðsynleg eru til að húsnæðið upfylli skilyrði um rekstur heilsurætarstöðvar og sinni þeim skyldum gagnavart þeim opinberuðu aðilum er málið varðar.

12).Um riftun á samningi þessum vegna vanefnda annars hvors samningsaðila skal fara fram eftir ákvæðum XII kafla húsaleigulaganr36/1994. Komi upp ágreiningur um túlkun eða útfærslu samningi þessum skal reka málið fyrir héraðsdómi Suðurlands.

13).Við lok samningstímans skal leigutaki á eigin kostnað, taka niður og flytja á brott þann búnað og tæki sem hann hefur sett upp í heilsuræktarstöðinni og er eign hans.


14).Leigutaki skal hafa samráð við leigusala vegna markaðsmála starfsseminnar.


15).Uppsetning auglýsinga í hinu leigða rými er háð skriflegu samþykki leigusala.



Hellu 1. júní 2015

f.h. Rangárþings ytra

f.h. GYM heilsu


Þórhallur Svavarsson
forstöðumaður


Kjartan Már Hallkelsson


Rangárþing ytra
Sveitarstjórn

Ágúst Sigurðsson
sveitarstjóri